

Sp.

157. Tillaga til þingsályktunar

[143. mál]

um réttaráhrif tæknifrjóvgunar.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Birgir Ísl. Gunnarsson, Davíð Aðalsteinsson,
Jón Baldvin Hannibalsson, Guðrún Agnarsdóttir, Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að skora á dómsmálaráðherra að skipa nú þegar fimm manna nefnd til að kanna réttaráhrif tæknifrjóvgunar og gera tillögur um hvernig réttarstaða aðila verði ákveðin.

Nefndin verði skipuð sem hér segir: Dómsmálaráðherra skipi formann nefndarinnar án tilnefningar, tveir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Lögmannafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu læknaeildar Háskóla Íslands, og sé hann sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp, og einn nefndarmaður samkvæmt tilnefningu Barnaverndarráðs Íslands.

Nefndin ljúki störfum áður en næsta löggjafarþing kemur saman. Ríkissjóður greiði kostnað af störfum hennar.

Greinargerð.

Yfir 50 íslensk börn eru nú í landinu sem getin hafa verið með tæknifrjóvgun, langflest með sæði óþekktra manna. Tæknifrjóvgun er nú framkvæmd á kvennadeild Landspítalans og hefur Jón Hilmar Alfredsson, sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp, umsjón þessara aðgerða með höndum.

Það mun hafa verið árið 1979 að ákveðið var að hefja þessar aðgerðir hér á landi og veitti þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra leyfi til þess og féllst á að þær yrðu greiddar af sjúkrasamlagi á sama hátt og aðrar læknaaðgerðir. Fram til þess tíma höfðu konur farið til þessara aðgerða erlendis.

Sú vinnuregla hefur verið viðhöfð til þessa að aðgerðin er einungis gerð á konum í hjónabandi og með skriflegu samþykki eiginmanns. Ástæðan fyrir því er sú að samkvæmt íslenskum lögum er eiginmaður konu faðir barns hennar nema það sé vefengt og annað sannað. Sú spurning hlýtur hins vegar að vakna hver réttarstaða aðila sé ef til vefengingar kæmi, t.d. við skilnað hjóna eða í erfðamáli. Á það hefur ekki reynt og engin lög eða reglugerðir eru til í landinu sem kveða skýrt á um hana. Er ekki síst ástæða til að huga að réttarstöðu aðila þegar sæðisgjafi er ókunnur eða að eigin mati óskuldbundinn.

Í tillögu þessari er ekki gert ráð fyrir að fjallað verði um aðra þætti málsins en þá er lúta að réttaráhrifum. Vísast má deila um alla aðra þætti þess, svo sem hinn siðfræðilega, trúarlega eða félagslega. En um það verður ekki deilt að þau liðlega 50 börn, sem nú lifa í landinu, og foreldrar þeirra eiga rétt á að réttarstaða þeirra verði ákveðin. Mikilvægt er að stjórnvöld sjái svo til áður en til ágreiningsmála kynni að koma. Þau áhrif, sem slíkur ágreiningur hefði á börn eða unglinga ef þau yrðu bitbein í svo viðkvæmu máli sem er upphaf lífs þeirra sjálfra, gætu haft í för með sér óbætanlegan skaða. Og hið sama á við um alla aðra aðila sem málið er skylt.

Tillaga um skipun nefndarinnar ætti að vera auðskiljanleg. Hér er fyrst og fremst gert ráð fyrir að fjallað verði um réttaráhrif og réttarstöðu og því ekki óeðlilegt að a.m.k. tveir nefndarmenn séu löglærðir. Sjálfsagt verður að telja að sérfræðingur í kvensjúkdómum og

fæðingarhjálp eigi sæti í nefndinni og einnig fulltrúi Barnaverndarráðs Íslands þar sem ráðið fjallar einmitt um viðkvæm fjölskyldumál. Æskilegt er eðli málsins vegna að bæði konur og karlar taki sæti í nefndinni.

Tæknifrjógungun og afleiðingar hennar hafa verið mikið ræddar um allan heim á síðustu árum. Fyrir Norðurlandaráði liggur nú tillaga um að norræn þjóðþing leitist við að samræma sem unnt er löggjöf um réttaráhrif tæknifrjógungunar. Í Svíþjóð hafa þegar verið sett lög sem kveða m.a. svo á að eiginmaður eða sambýlismaður, sem samþykkt hefur tæknifrjógungu konu sinnar, getur ekki vefengt faðerni það sem hann hefur tekið ábyrgð á. Í Danmörku hafa menn ekki talið nauðsynlegt að setja lög heldur telur danska dómsmálaráðuneytið reglugerð nægjanlega, en í Finnlandi telja menn löggjöf nauðsynlega. Í norsku nefndinni, sem fjallaði um málið, er enn ágreiningur um hvort setja skuli lög eða ekki. Þá hefur verið unnið að drögum að samræmdri löggjöf á vegum Evrópuráðsins.

Þess var áður getið að einungis giftar konur komi til greina þegar um tæknifrjógungu er að ræða hér á landi. Það orkar tvímælis vegna þess að konum er ekki skylt að fedra börn sín samkvæmt íslenskum lögum. Eðlilegt væri að nefndin tæki þann þátt til athugunar.

Við gerð tillögunnar hefur verið haft samráð við Jón Hilmar Alfredsson lækni, og þess má geta að Jón Höskuldsson lögfræðingur skrifaði árið 1984 kandidateitritgerð við Háskóla Íslands um tæknifrjógungu.

Á okkar dögum fleygir þekkingu mannkynsins ört fram, ekki síst á sviði líffræði og læknávisinda. Margt af þessari þekkingu getur orðið til þess að auka hamingju manna sé henni beitt af skynsamlegu viti. En það er bráðnauðsynlegt að löggjafarvaldið fylgist náið með því sem er að gerast, reyni að gera sér grein fyrir því hvernig ný tækni grípur inn í líf einstaklinga og setji reglur um það hvernig hún megi best verða þeim til farsældar. Það verður aðeins sé maðurinn fær um að sjá afleiðingar tækninnar fyrir og stýra henni.